

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Framfarasjóð Seyluhrepps, **81**
stofnaðan af Ásgrími Þorsteinssyni í Geldingaholti, útgefinn á venjulegan hátt ad 8. júní
mandatum af ráðherra Íslands 8. júní 1915.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Framfarasjóð Seyluhrepps“, stofnaðan af Ásgrími Þorsteinssyni í Geldingaholti.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ásgrími Þorsteinssyni í Geldingaholti, er hefir dvalið í Seyluhreppi nærfelt 50 ár, með 1000 — eitt þúsund — króna gjöf, er leggst inn í Söfnunarsjóð Íslands fyrir 8. október 1909 og ávaxtist þar, uns sjóðurinn að viðlögðum vöxtum og vaxtavöxtum nemur 4000 — fjögur þúsund — krónum. Þegar sjóðurinn hefir náð fyrnefndri upphæð, sendi stjórn Söfnunarsjóðsins hreppsnefnd Seyluhrepps tilkynningu um það.

2. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 4000 — fjögur þúsund — krónur skal hinn 8. október, fimta hvert ár þar frá, fæðingardag stofnanda sjóðsins, Ásgríms Þorsteinssonar, úthluta þess árs vöxtum sjóðsins til framfara Seyluhrepps eða þess svæðis er Seyluhreppur nær nú yfir. Að undanteknum áðurnefndum fimta hvers árs vöxtum, skulu vextir og vaxtavextir ávalt leggjast við sjóðinn, þar til hann nemur 1000000 — einni miljón — króna, þar eftir skal árlega úthluta vöxtum sjóðsins til framfara Seyluhrepps, eins og áður er tekið fram. Af ársvöxtum leggist þó ávalt 1 kr. — ein króna — við höfuðstólinn.

Höfuðstólinn 1000000 kr. — ein miljón króna — má aldrei skerða.

3. gr.

Hreppsnefnd Seyluhrepps, eða það stjórnarvald, sem kemur í hennar stað, skal hafa á hendi hina árlegu úthlutun vaxtanna, er skal verja til alls þess, er stuðlar að framförum hreppsins, svo sem framfara í búnaði, vega- og járnbrautarlagninga, land- og skógræktar og yfirleitt til allra nauðsynjamála hreppssvæðisins í framfaraátt. Hreppsnefndin eða úthlutendur ársvaxta sjóðsins sendi sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, eða því stjórnarvaldi sem kemur í hennar stað, árlega skýrslu um úthlutunina.

81

8. júní

4. gr.

Á skipulagsskrá þessa skal beiðst konunglegrar staðfestingar.
Þessari framanritaðri ráðstöfun til staðfestingar er nafn mitt sett undir-
ritað í viðurvist tveggja votta.

Geldingaholti, 18. febr. 1915.

Fyrir hönd Ásgrims Þorsteinssonar

Sigþrúður Helgadóttir (einkaerfingi gefandans).

Vitundarvottar:

Hallgrímur Þorlacius.

Árni Jónsson.

Embætti

31. mars skipaði ráðherrann cand. mag. Bjarna Jónsson til að vera dócent innan heimspekisdeildar Háskóla Íslands frá 1. apríl að telja.

4. maí var ráðherra Íslands Sigurði Eggerz, samkvæmt umsókn hans, með allrhæst um úrskurði allramildilegast veitt lausn í náð frá ráðherraembættinu.

S. d. var prófessor við Háskóla Íslands Einar Arnórsson með allrahæstum úrskurði allramildilegast skipaður ráðherra Íslands.

Laust embætti,

er konungur veitir.

Sýslumannsembættið í Mýra og Borgarfjarðarsýslu.

Árslaun 3500 kr. Auglýst laust 4. maí 1915. Umsóknarfrestur til 1. ágúst 1915.

Sá, sem embættið fær, er skyldur að setja þá tryggingu, er síðar mun verða kveðið á um, fyrir innheimtum þeim, sem honum verður trúað fyrir af hálfu hins opinbera. Svo ber honum og að fylgja þeim reglum, er settar verða um reikningsskil af hans hálfu og greiðslur í landssjóð.

Innflutningur á hundum frá útlöndum.

17. apríl leyfði stjórnarráðið með ráði dýralæknisins í Reykjavík Daníel Daníelssyni bónda á Lágafelli að flytja inn hund frá Færeyjum, með venjulegum skilyrðum.

19. s. m. leyfði stjórnarráðið með ráði dýralæknisins í Reykjavík Niels Petersen, frá Viðey, í Reykjavík að flytja inn hund frá Færeyjum, með venjulegum skilyrðum.

29. s. m. leyfði stjórnarráðið með ráði dýralæknisins í Reykjavík L. Walsøe f. h. »Den Kongelige Grønlandske Handel« að flytja inn 4 hunda frá Skotlandi, með venjulegum skilyrðum.

Leiðrjetting.

Misprentast hefir í reikningi um Styrktarsjóð þeirra, er biða tjón af jarðeldum, á bls. 77, gjaldliður 3 a; þar stendur »Lán til Eiddaskóla«, en á að standa »Lán til Seyðisfjarðar«.